

Nd.

88. Frumvarp til laga

[79. mál]

um breyting á lögum nr. 70 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé um það samkomulag milli verkalýðsfélags, félags atvinnurekenda og sveitarstjórnar, er heimilt að láta atvinnuleysisbætur tiltekings fjölda aðila, sem rétt eiga til bóta, ganga til greiðslu vinnulauna við tilteknar framkvæmdir í þágu sveitarfélagsins, sem viðkomandi meðlimir verkalýðsfélagsins vinna þá við, enda skerðist ekki bótaréttur þeirra, meðan unnið er við slíkar framkvæmdir.

Greinargerð.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs hefur á undanförunum árum lánað mörgum sveitarfélögum verulegt fé til uppbyggingar bættari aðstöðu fyrir atvinnufyrirtæki, bæði í formi lána til hafnargerða og annarra framkvæmda á þeirra vegum. Auk þess hefur sjóðurinn lánað einstaklingum og félögum til stofnunar og uppbyggingar atvinnufyrirtækja í sambandi við sjávarútveg, iðnað og fleira. Hafa þessar lánveitingar án efa orðið til verulegrar atvinnuaukningar víða um land og þá að sjálfsögðu hamlað gegn atvinnuleysi. En þrátt fyrir þetta sýna atvinnuleysisskráningar, að um nokkurt en þó aðallega tímabundið atvinnuleysi hefur verið að ræða á undanförunum árum, einkum í skammdeginu, þegar framkvæmdir hafa dregið saman af eðlilegum ástæðum og afli sjávarafurða er minnstur. Og hefur í vaxandi mæli komið til greiðslu beinna styrkja til einstakra aðila, sem rétt eiga á bótum samkvæmt lögnum um atvinnuleysistryggingar.

Frv. þetta gerir ráð fyrir, að ef um það verður samkomulag milli þar tilgreindra aðila, sé heimilt að nota að vissu marki það fé, sem annars ætti að greiðast sem atvinnuleysisstyrkir, til greiðslu vinnulauna við fyrir fram tilteknar framkvæmdir í þágu sveitarfélagsins. Fjárhagslega séð getur þetta á engan hátt talizt, nema síður sé, til óhagræðis fyrir verkamenn, þar sem dagkaup þeirra, þótt miðað sé við dagvinnu einvörðungu, er nokkru hærra en atvinnuleysisbætur geta orðið samkvæmt núgildandi lögum, og yrði sá mismunur, sem þarna er um að ræða, að sjálfsögðu greiddur af viðkomandi sveitarfélagi ásamt öllum kostnaði öðrum við hina tilteknur framkvæmd. Stefnir frv. að því að skapa aðstöðu til að forða mönnum frá að þurfa að ganga atvinnulausir, þó að tímabundinn samdráttur eigi sér stað á hinum almenna vinnumarkaði. Flm. telur, að í framkvæmd yrði þetta þannig, að í stað atvinnuleysisbóta fengju menn laun samkvæmt gildandi taxa fyrir þá vinnu, sem þeir létu í té við fyrir fram tilteknar framkvæmdir í þágu sveitarfélagsins, án þess að réttur þeirra samkvæmt 2. og 4. gr. laga nr. 70 frá 28. maí 1969 um atvinnuleysisbætur skertist nokkuð.